



FJÁRMÁLASTÖDUGLEIKARÁÐ

Fjármála- og efnahagsráðuneyti, Arnarhvoli, 150 Reykjavík

Sími: 545 9200

fjarmalastodugleikarad.is

Reykjavík, 1. apríl 2019

Tilmæli um eiginfjárouka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki

Kerfislega mikilvægir eftirlitsskyldir aðilar eru þeir sem vegna eðlis og umfangs starfsemi sinnar geta haft verulega neikvæð áhrif á stöðugleika fjármálakerfisins og á raunhagkerfið lendi þeir í erfiðleikum. Sökum mikilvægis þessara aðila fyrir fjármálainnviði og aðgang almennings að greiðsluþjónustu og eigin sparifé, er meira opinbert eftirlit með þeim en öðrum fjármálafyrirtækjum og beinar og óbeinar ábyrgðir á skuldbindingar þeirra eru víðtækari. Freistnivandi er ávallt til staðar sem birtist í því að þessir mikilvægu aðilar gætu freistast til að taka meiri áhættu en hagkvæmt er fyrir fjármálakerfið í heild. Því er nauðsynlegt að hafa regluverk sem vinnur á móti þessari tilhneigingu, sérstaklega í formi aukinna eiginfjárvæðna og virkara eftirlits en ella.

Til að mæta þessari áhættu hefur verið leidd í lög heimild til að leggja viðbótar eiginfjárkröfu á kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki, sbr. 86. gr. c laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Sú eiginfjárkrafa styrkir getu eða viðnámsþrótt þessara fjármálafyrirtækja til að takast á við áföll, dregur úr líkum á falli þeirra og þar með úr væntum neikvæðum áhrifum á fjármálakerfið og raunhagkerfið. Tíðara og umfangsmeira eftirlit er með eftirlitsskyldum aðilum sem eru skilgreindir sem kerfislega mikilvægir. Eftirlitið er í höndum Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands.

Hinn 1. apríl 2016 var settur á 2% eiginfjárouki fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki, sbr. tilmæli fjármálastöðugleikaráðs frá 22. janúar 2016 og ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 1. mars 2016.¹ Í samræmi við 1. mgr. 86. gr. c laga um fjármálafyrirtæki skal endurskoða ákvörðun um að setja eiginfjároukann á og gildi hans árlega og til samræmis við það hefur Fjármálaeftirlitið óskað eftir aðkomu fjármálastöðugleikaráðs.

Eiginfjároukinn var endurskoðaður í apríl 2017 og 2018 en þá beindi fjármálastöðugleikaráð þeim tilmælum til Fjármálaeftirlitsins að halda eiginfjárouka á kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki óbreyttum í 2%. Í kjölfarið tilkynnti Fjármálaeftirlitið um að ákvörðun þess frá 1. mars 2016, um 2% eiginfjárouka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki, gildi áfram óbreytt.

Mat á kerfislegu mikilvægi

Við mat á kerfislegu mikilvægi eftirlitsskyldra aðila er, líkt og áður, stuðst við aðferðafræði sem byggir á aðferðafræði Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA).² Aðferðafræðin mælir fyrir um mat á þáttum sem fá ákveðin stig og þeir aðilar sem fá meira en 350 stig teljast kerfislega mikilvægir. Þeir kerfislega mikilvægu aðilar, sem jafnframt eru fjármálafyrirtæki í skilningi laga nr. 161/2002 skulu viðhalda eiginfjárouka vegna kerfislegs mikilvægis, sbr. 86. gr. c fyrrgreindra laga. Matið skiptist í tvö þrep. Í þrepi 1 eru notaðir sömu kjarnavísar og EBA mælir með í aðferðafræði sinni, en í þrepi 2 er þar að auki tekið tillit til veltu á gjaldeyrismarkaði.³ Fleiri vísar voru ekki skoðaðir í þrepi 2 að þessu sinni.

¹ Sjá [Fjármálastöðugleikaráð](#) og [Fjármálaeftirlitið](#).

² European Banking Authority (2014). Guidelines on the criteria to determine the conditions of application of Article 131(3) of Directive 2013/36/EU (CRD) in relation to the assessment of other systemically important institutions (O-SIIs), EBA/GL/2014/10.

³ Velta á gjaldeyrismarkaði er einn af mörgum viðbótarvísnum sem EBA telur gagnlega við mat á kerfislegu mikilvægi en er þó ekki hluti af kjarnavísunum sem skal nota.

Í töflu 1 eru niðurstöður matsins en samkvæmt því teljast stóru viðskiptabankarnir þrír kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki. Við framkvæmd matsins var stuðst við árslokátölur eftirlitsskyldra aðila fyrir árið 2018.

Tafla 1: Mat á kerfislegu mikilvægi eftirlitsskyldra aðila

Flokkar	Landsbankinn	Arion banki	Íslandsbanki	Aðrir	
Þrep 1	1. Stærð	2939	2581	2505	1975
	2. Mikilvægi	3521	2662	3026	916
	3. Flækjustig og starfsemi yfir landamæri	2760	3823	3088	300
	4. Tengsl	3674	2158	2182	1986
Samtals veginn stigafjöldi (Þrep 1)		3223	2813	2700	1263
Þrep 2	2. Mikilvægi / velta á gjaldeyrismarkaði	2990	2958	3110	942
	Samtals veginn stigafjöldi (Þrep 2)	3190	2832	2706	1273

Niðurstaða

Með hliðsjón af greiningu kerfisáhættunefndar beinir fjármálastöðugleikaráð þeim tilmælum til Fjármálaeftirlitsins að stofnunin kveði áfram á um að Arion banki hf., Íslandsbanki hf. og Landsbankinn hf. viðhaldi eiginfjáruka vegna kerfislegs mikilvægis þeirra. Í ljósi þess að heildarstigafjöldi þessara aðila er vel umfram 350 stiga viðmiðið, leggur ráðið til að eiginfjárukinn nemi áfram 2% af áhættugrunni, sem er hámark eiginfjárukans samkvæmt lögum. Ráðið beinir því til Fjármálaeftirlitsins að eiginfjárukanum verði einnig áfram viðhaldið á samstæðugrunni og taki til allra áhættuskuldbindinga viðskiptabankanna.